

**Bilag.****Frumvarp til laga**

um

**samband Danmerkur og Íslands.**

## 1. gr.

Ísland er frjálst og fullvalda ríki í sambandi við Danmörku um einn og sama konung og þau mál, er dansk stjórnarvöld fara með í umboði Íslands samkvæmt sáttmála þessum.

Í heiti konungs komi eftir orðið: „Danmerkur“, orðin: „og Íslands“.

## 2. gr.

Skipun sú, er nú gildir í Danmörku um ríkiserfðir, trúarbrögð konungs, myndugleika hans og um ríkisstjórn, er konungur er sjúkur eða fjarstaddir, skal einnig gilda að því er til Íslands kemur. Sje konungur ófullveðja, gilda einnig hin sömu ákvæði og nú í Danmörku, þangað til löggjafarvald Íslands gerir þar um aðra skipan.

## 3. gr.

Pessi eru sambandsmál Danmerkur og Íslands:

1. Konungsmata, borðfje ættmenna konungs og önnur gjöld til konungsættarinnar.
2. Utanríkismálefni. Enginn þjoðasamningur, er snertir íslenzk mál, skal gilda fyrir Ísland, nema rjett stjórnarvöld íslenzk eigi þátt í og leggi samþykki til.
3. Gæzla fiskiveiða í landhelgi Íslands, að óskertum rjetti Íslands til að auka hana. Meðan Danir annast strandvarnirnar njóta þeir jafnrjettis við Íslendinga að því er til fiskiveiða í landhelgi Íslands kemur, nema um annað endurgjald semji.
4. Peningasláttá.
5. Hæstirjettur, þangað til löggjafarvald Íslands setur á stofn æðsta dóm í landinu sjálfu. Meðan sú breyting er eigi gjörð, skal þess gætt, er sæti losnar í hæstirjetti, að skipaður sje þar maður, er hafi sjerþekkingu á íslenzkri löggjöf og kunnugur sje íslenzkum högum.

## 4. gr.

Danir, heimilisfastir á Íslandi, skulu njóta fulls jafnrjettis við Íslendinga, og Íslendingar heimilisfastir í Danmörku jafnrjettis við Dani.

Þó skulu forrjettindi íslenzkra námsmanna til hlunninda við Kaupmannahafnarháskóla óbreytt, nema rjettum stjórnarvöldum beggja ríkjanna semji um aðra skipan á því efni.